

Út í kött!



Söng og dansleikur
fyrir börn á öllum aldri
eftir Benóný Ægisson
og Roald Dahl



PERSÓNUR:**HELGA SOFFÍA**

Ellefu ára stelpa, framhleypin og frökk með óbeislað ímyndunarafl sem hættir til að ýkja dálítið og mála tilveruna í sterkum litum. Hún er búsett erlendis en er í heimsókn með foreldrum sínum hjá vinum þeirra

ERPUR

Tólf ára strákur, klár en hlédrægur og óframfærinn, dálítill njörður í sér. Hann er sonur húsráðenda

MAMMA ERPS

Rödd utansviðs

ÆVINTÝRAPERSÓNUR:**SÖGUMAÐUR****RAUÐHETTA****ÚLFURINN****AMMAN****ÖSKUBUSKA****ÁLFKONAN****PRINSINN****2 LJÓTAR SYSTUR****3 LITLIR GRÍSIR****TÖLVUSKRÍMSL**

Sögumaðurinn er söngvari/söngkona en með hlutverk Rauðhettu og Öskubusku fer leikari og dansari og það sama er að segja með hlutverk Úlfsins og Prinsins. Þrír dansarar geta farið með hlutverk Ömmunar, Álfkonunar, tveggja ljótra systra, þriggja lítilla grísa og allir dansararnir leika Tölvuskrímsl. Hægt er að setja upp verkið án dansaranna þriggja og myndu þá Sögumaðurinn, Helga Soffía og Erpur skipta hlutverkum þeirra á milli sín

Leikritið gerist í herbergi Erps, í tölvuleik sem gengur út á að drepa skrímli og í ævintýralandi þar sem er hús ömmu Rauðhettu í skóginum, heimili Öskubusku og höll prinsins og í skóginum þar sem hús grísanna þriggja eru

Erpur stendur í herberginu sínu og berst við her af geimskrímslum. En þó hann berjist af miklum móð og kúlurnar sprautist úr byssunni, meira en þúsund á mínútu, þá á hann í vök að verjast því skrímslin eru slæg og kolgrimm og þau rísa upp jafnharðan og þau eru skotinn niður og hraðinn eykst með hverju borði.

ERPUR

Hafðu þetta stökkbreytta afstyrmið þitt! Þetta ætti að kenna þér að vera ekki að abbast upp á Gor prins frá Extor-stjörnuþokunni.

RÖDD MÖMMU

Erpur! Erpur!! ERPUR!!!

ERPUR

Já.

RÖDD MÖMMU

Ertu búinn að taka til?

ERPUR reynir að færa til eitthvað dót með fætinum, taka til án þess að hætta í tölvuleiknum.

ERPUR

Já já.. Næstum því.

Aftur í leikinn

Þú heldur að þú getir laumast að mér. Reyndu það bara.

RÖDD MÖMMU

Þú verður að taka til. Það eru að koma gestir.

ERPUR

Já já já. Bráðum. (*Snýr sér að leiknum*) Burt með þig einskis nýta geimruslið þitt. Hafðu þetta! Og þetta! Og þetta! Jess! búinn með sjöunda borð. Þá þarf ég bara að frelsa Góu prinsessu úr svartholinu.

RÖDD MÖMMU

Erpur! Erpur minn! Gestirnir eru komnir. Má Helga Soffía ekki vera hjá þér fram að mat?

ERPUR

Nei. Það er ekki hægt. Ég er upptekinn. Ég þarf að.. ég þarf að taka til.

RÖDD MÖMMU

Farðu bara inn til hans, hann er bara að taka til.

ERPUR

Oooooo! (*Kallar*) Nei. Það er ekki..

HELGA SOFFÍA kemur inn

HELGA SOFFÍA

Hæ!

ERPUR

Æi! Ég er dauður.

HELGA SOFFÍA

Nú? Ertu dauður?

ERPUR

Þú truflaðir mig.

HELGA SOFFÍA

Ertu bæði truflaður og dauður? Aumingja þú.

ERPUR

Ég hef aldrei komist svona langt í þessum leik.

HELGA SOFFÍA

Ertu þá uppvakningur?

ERPUR

Það er allt þér að kenna. Ef þú hefðir ekki þurft..

HELGA SOFFÍA

Hver vakti þig upp?

ERPUR

Vakti mig upp?

HELGA SOFFÍA

Já. Ef maður ætlar að vekja einhvern upp frá dauðum verður maður að fara út í kirkjugarð á miðnætti og snúa faðirvorinu upp á andskotann.

ERPUR

Faðirvorinu?

HELGA SOFFÍA

Já. Þá koma þeir upp úr jörðinni og allt er ógeðslega draugalegt, vindurinn gnauðar og tunglið veður í skýjum alveg blindfullt og maður verður að hafa einhvern með sér til að hringja kirkjuklukkunum ef þeir ætla að draga mann með sér niður í gröfina. Þeir eru dálítið slæmir með það þessir uppvakningar.

ERPUR

Ertu eitthvað rugluð?

HELGA SOFFÍA

Nei nei, ekkert mjög. Bara dálítið þreytt eftir flugið. En þú?

ERPUR
Hvað?

HELGA SOFFÍA
Ert þú eitthvað ruglaður?

ERPUR
Ég? Nei.

HELGA SOFFÍA
Hefurðu aldrei lesið þjóðsögunnar?

ERPUR
Er ekki allt í lagi heima hjá þér?

HELGA SOFFÍA
Ég á heima í Svíþjóð. Ég á dálítið bág með að fylgjast með því þegar ég er á Íslandi.

ERPUR
Ha?

HELGA SOFFÍA
Mamma þín sagði að þú ættir að hafa ofan af fyrir mér.

ERPUR
Það er fullt af Andrésblöðum þarna.

HELGA SOFFÍA
Já komdu berrassaður!

ERPUR
Ha?

HELGA SOFFÍA
Berrassaðar endur. Nei takk.

ERPUR
Ha?

HELGA SOFFÍA
Já og enginn á pabba eða mömmu. Bara frændur og frænkur. Og svo er ein amma. Amma önd. Þældu í því. Bara ein amma. Og hún er amma allra. Meira að segja gæsarinar. Andrésblöð eru bönnuð í Svíþjóð. Þau hafa slæm áhrif á börn.

ERPUR
Þú lýgur því.

HELGA
Já kannski smá.

ERPUR

Það er ekki hægt að ljúga smá. Annaðhvort lýgur maður eða ekki.

HELGA SOFFÍA

Það er ekki þannig í Svíþjóð. Þar er lygi flokkuð í lygi sem er ljót og andstyggileg og það sem er ekki alveg satt en ætti að vera það því það er miklu skemmtilegra.

ERPUR

Þú ert kolrugluð.

HELGA SOFFÍA

Ætlarðu ekkert að leika við mig?

ERPUR

Ég leik mér aldrei við krakka.

HELGA SOFFÍA

Ég er ekki krakki. Ég er ellefu.

ERPUR

Ég leik mér aldrei við stelpur.

HELGA SOFFÍA

Aumingja þú. Leikurðu þér aldrei?

ERPUR

Bara í tölvunni.

HELGA SOFFÍA

Segðu mér þá sögu.

ERPUR

Af hverju ætti ég að segja þér sögu?

HELGA SOFFÍA

Mamma þín sagði að þú ættir að hafa ofan af fyrir mér.

ERPUR

Það er bara eitthvað sem mömmur segja þegar þær vilja losna við krakkagrislinga eins og þig.

HELGA SOFFÍA

Ógeðslega ertu leiðinlegur.

Þögn

Á ég að segja þér sögu?

ERPUR

Mér finnst ekkert gaman að sögum.

HELGA SOFFÍA

Öllum finnst gaman að sögum.

ERPUR

Ekki mér. Ég er orðinn hundleiður á þeim.

HELGA SOFFÍA

Ég á heima í útlöndum.

ERPUR

Ég veit það.

HELGA SOFFÍA

Hvernig veistu það?

ERPUR

Þú varst að enda við að segja það. Mamma var líka búin að segja mér það. Hún og mamma þín eru vinkonur.

HELGA SOFFÍA

Mér finnst betra að vera á Íslandi. Hérna getur maður verið einn úti. Það má maður ekki í Svíþjóð því þar er allt fullt af bófum og barnaræningjum. Það er ógeðslega hættulegt að vera krakki í útlöndum.

ERPUR

Hvaða bull er þetta? Ég hef oft verið í útlöndum og það er ekkert hættulegra þar en hérna.

HELGA SOFFÍA

Jú. Það er miklu hættulegra. Við þurfum meira að segja að hafa bófakerfi heima hjá okkur.

ERPUR

Bófakerfi? Hvað er nú það?

HELGA SOFFÍA

Það er svona ógeðslegur hávaði sem fer í gang þegar bófarnir brjótast inn. Þá fara þeir alveg í kerfi og hlaupa út.

ERPUR

Hvaða bull er þetta? Þetta heitir þjófavarnarkerfi og það er líka til hérna.

HELGA SOFFÍA

En það eru engin villidýr á Íslandi.

ERPUR

Víst eru villt dýr hérna.

HELGA SOFFÍA

Já, en ekki kolgrimmir villtir úlfar sem eru stórhættulegir ungum rauðklæddum stúlkum. Ég kann eina sögu um það.

ERPUR

Mig langar ekki í neina sögu. Við getum horft á mynd. Ég á einhverjar teiknimyndir handa þér.

HELGA SOFFÍA

Nei sögur eru miklu skemmtilegri. Þá býr maður sjálfur til myndirnar inni í höfðinu á sér. Þér finnst örugglega gaman að þessari sögu þó það séu engar berrassaðar endur í henni.

ERPUR

Jæja, segðu þá þessa sögu þína.

HELGA SOFFÍA

Hlustaðu þá vel:
Úti í skógi úlfur sat
átti ekki fyrir mat..

SÖGUMAÐUR

Úti í skógi úlfur sat
átti ekki fyrir mat
Upp hann bankaði ömmu hjá
allmjög brá henni er hún sá
hvassar tennur kuldaglott
Kvað þá úlfur

ÚLFUR

Áttu pott?

SÖGUMAÐUR

Amma sagði í öngum sínum:

AMMA

Á ég von á dauða mínum?

SÖGUMAÐUR

Allt um það hún virtist vita
og vargur gleypiti í einum bita

ÚLFUR

Namm namm namm namm
Namm namm namm namm
Namm namm namm namm
Oj!!!!!!!!!!!!!!

SÖGUMAÐUR

En ólseig var hún - alltof smá
úlfur svangur sagði þá:

ÚLFUR

Iss þetta var algjört frat
eta vil ég á mig gat

SÖGUMAÐUR

Nú var úlfi í geði gramt

ÚLFUR

Get ég fengið í annan skammt?

SÖGUMAÐUR

Hann bætti við með brosgrettu:

ÚLFUR

Nú bíð ég eftir Rauðhettu
Að tína blómin er hún enn
úti í skógi en kemur senn

SÖGUMAÐUR

Ömmu leppa'nn í sér brá
(Ekki hafði hann étið þá)
Hann klæddi sig í kábojhatt..

ÚLFUR

Kábojhatt?

SÖGUMAÐUR

Ó afsakið!

Hann klæddi sig í kápu og hatt
og kuldaskó hann á sig batt

ÚLFUR

En ég er ekkert að fara út. Hverskonar sögumaður ert þú eiginlega?

SÖGUMAÐUR

Greiddur vel í grænum kjól
glaður sat'ann í ömmu stól

ÚLFUR

Loksins kom þetta rétt hjá þér.

SÖGUMAÐUR

Rauðklædd stúlka hratt upp hurð
Hissa – en svo var amman spurð:

RAUÐHETTA

Af hverju ertu með svona stór eyru amma?

ÚLFUR

Svo ég heyri betur til þín

RAUÐHETTA

En af hverju ertu með svona stór augu

ÚLFUR

Svo ég sjái þig betur

SÖGUMAÐUR

Hann hugsaði og brosti breitt:

ÚLFUR

Bráðum ét ég barnið feitt

Áðan fékk ég óæti

í eftirmat er sælgæti

RAUÐHETTA

En amma óskaplega ertu í loðnum og fallegum pelsi

ÚLFUR

Þetta er vitlaust! Þetta er vitlaust! Ertu búin að gleyma því að þú átt að spyrja mig um stóru tennurnar mínar?

En það kemur ekki mál við mig

því mér er mál að éta þig”

SÖGUMAÐUR

Stúlkan brosti og upp úr brók

byssuhólk hún eldsnöggt tók

Beindi að hans brjósti og hló

Og bang bang bang, hann datt og dó

KÓR

Bang bang bang bang

Bang bang bang bang

Bang bang bang hann datt og dó

SÖGUMAÐUR

Og svo var það eitt síðdegi

Að sá ég hana á förnum vegi

Og hvílik breyting krakkanum á

hvergi rauða hettu að sjá

RAUÐHETTA

Halló

SÖGUMAÐUR

sagð'ún hýr á kinn:

RAUÐHETTA

Horfðu á ÚLFKINNSPELSINN minn

Sjáðu litla sæta loðna úlfskinnspelsinn minn

KÓR

Sjáðu litla sæta loðna úlfskinnspelsinn minn

ERPUR

Þessi saga er ekkert svona.

HELGA SOFFÍA

Nú, hvernig er hún þá?

ERPUR

Úlfurinn gleypiti Rauðhettu. Og svo kom veiðimaður og bjargaði henni og ömmunni.

HELGA SOFFÍA

Heldurðu að Rauðhetta sé einhver asni? Heldurðu að hún láti bara úlfinn éta sig, ha? Hver hefur áhuga á að húka í myrkri og skítalykt í maganum á úlfi með ömmu með drykkjuvandamál, bara til að láta einhvern veiðimann bjarga sér?

ERPUR

Þannig er sagan. Úlfurinn át Rauðhettu.

HELGA SOFFÍA

Ekki hjá mér. Hjá mér eru stelpurnar engir aumingjar.

ERPUR

Þú getur ekki bara breytt ævintýrum og haft þau eins og þú vilt.

HELGA SOFFÍA

Af hverju ekki?

ERPUR

Það bara má ekki. Svo var amman ekkert með drykkjuvandamál.

HELGA SOFFÍA

Af hverju var Rauðhetta þá að færa henni vín?

ERPUR

Hún var lasin.

HELGA SOFFÍA

Lá hún ekki bara í rúminu með timburmenn? Mér finnst þetta hljóma eins og hún hafi verið á fyllerí.

ERPUR

Það er ekki hægt að tala við þig. Og það var veiðimaðurinn sem bjargaði þeim.

HELGA SOFFÍA

Þú og þinn veiðimaður! Þú getur bara haft hann í þinni sögu. Ef hann reynir að komast inn í mína þá hendi ég honum öfugum út.

ERPUR

Þú ert rugluð.

Þögn

HELGA SOFFÍA

Á ég að segja þér leyndarmál?

ERPUR

Já, ef þú vilt.

HELGA SOFFÍA

Ég ætla að giftast prins.

ERPUR

Prinsi?

HELGA SOFFÍA

Já, alveg ógeðslega sætum.

ERPUR

Þú getur það ekkert. Þeir giftast bara prinsessum.

HELGA SOFFÍA

En ég er prinsessa.

ERPUR

Byrjarðu aftur að ljúga!

HELGA SOFFÍA

Nei, það er engin lygi. Ég er eiginlega prinsessa. Langa-langlanga- plús tuttugu og sex sinnum-langa afi minn var kóngur í Írlandi. Dóttir hans hét Melkorka og hún bjó á Íslandi og hún var langlanglanga- plús tuttugu og fimm sinnum-langa amma mín.

ERPUR

Það er ekkert að marka það. Var pabbi þinn kannski kóngur?

HELGA SOFFÍA

Afi minn var fjallkóngur.

ERPUR *slær eitthvað inn á tölvuna*

Hvað er nú það?

HELGA SOFFÍA

Það er að vera kóngur yfir fjöllum.

ERPUR

Nauts. Það stendur hérna í orðabókinni að fjallkóngur sé sá sem stjórnar smalamenskunni á haustin. Það er enginn kóngur á Íslandi. Bara forseti.

HELGA SOFFÍA

Forsetinn er ráðarinn, hann ráðar öllu.

ERPUR

Það á ekki að segja ráðarinn. Og svo á ekki að segja ráðar, heldur ræður.

HELGA SOFFÍA

Er hann þá ræðarinn?

ERPUR

Nei það þýðir allt annað. Það er maður sem rær með ár á báti

HELGA SOFFÍA

Árar. Og róa. Hann árar með róunni.

ERPUR

Nei. Hann rær með árinni..

HELGA SOFFÍA

Jæja, mér er alveg sama hvort maður árar eða róar, ráðar eða ræður. Ég ætla að verða forseti. Þegar ég er hætt í ballettnum. Mamma segir að ég megi ekki vera í of mörgu.

ERPUR

Þú getur ekki bara ákveðið að verða forseti. Forsetar eru kosnir.

HELGA SOFFÍA

Ég ætla bara að segja þér það að þegar ég verð forseti þá ætla ég að ráða því að öll börn eigi að eiga hesta og hestar eiga að vera ódýrir. Þá kjósa allir krakkarnir mig.

ERPUR

Þú getur ekkert ráðið því. Og börn mega ekki kjósa.

HELGA SOFFÍA

Asnalegt. Mér finnst að það ætti að vera svona forsetabarn sem ræður, þá væri allt miklu betra. Ef ég hefði orðið forseti þá hefði ég bannað brekkur svo það yrði auðveldara að hjóla.

ERPUR

Forsetinn getur ekkert bannað það.

HELGA SOFFÍA

Nú? Til hvers erum við þá með forseta?

ERPUR
Ógeðslega ertu vitlaus.

Pögn

HELGA SOFFÍA
Öskubuska var ekki prinsessa og hún gat giftst prins.

ERPUR
Öskubuska var ekki til.

HELGA SOFFÍA
Víst var hún til. Og hún var duglegri að taka til en þú. Hlustaðu.

SÖGUMAÐUR
Þið haldið víst að þekkið þið
þessa sögu - en bíðið við,
þið voruð fyllt af væmnu sulli,
vitleysu og lygabulli,
blaðrið tómt var barið saman
börn svo hefðu af því gaman.
Sagan byrjar reyndar rétt:
Rákust systur þar um stétt,
skrukkur, gefnar fyrir skrall
sem skreyttar fóru á kóngsins ball.
En elsku litla Öskubuskan
innilokuð, ræfilstuskan,
í rökkri köldu og rottur tvær
reyndu að snæða hennar tær.
Stelpan gall við:

ÖSKUBUSKA
“Út vil ek”

SÖGUMAÐUR
Álfkona heyrði köllin frek.
Er birtist hún varð ljósabað,
byrjaði:
ÁLFKONA
“Elskan hvað er að?”

ÖSKUBUSKA
“Að?”

SÖGUMAÐUR
kvað Buska

ÖSKUBUSKA
“Þú sérð það,
þetta er glatað, nema hvað?”

SÖGUMAÐUR

Hélt áfram:

ÖSKUBUSKA

“Hjálpa þú mér inn
í höllina á dansleikinn.
Án efa verða allir þar
og ef ég kemst ei verð ég snar!
Komdu strax með kjól og skart,
kerru glæsta og rosasmart,
silfurskó ég síðan nefni
og sokkabuxur úr gerviefni.
Fellur prins þá fyrir mér,
flatur eins og vera ber”

SÖGUMAÐUR

Álfkonan mælti,

ÁLFKONA

“Augnablik”

SÖGUMAÐUR

(á henni var þó lítið hik)
töfrasprotta með tign hún brá
og telpan send var ballið á.
Það særði ljótu systurnar
að sjá hana dansa við prinsinn þar.
Í vafasömum vangadans
var hún klesst að brjósti hans
og stelpan fumlaust snéri hér
strákgreyinu um fingur sér
Tólf sló klukka hún æpti:

ÖSKUBUSKA

“Æ!

Elskan mín ég sé þig. Bæ!”

SÖGUMAÐUR

Grét þá prins og gall við:

PRINS

“Nei”

SÖGUMAÐUR

og greip í kjól á flóttamey.
Buska æpti:

ÖSKUBUSKA

“Slepptu strax!

Slitinn kjóll er ei til gagns”.

SÖGUMAÐUR

En prinsinn fast í faldinn tók
svo flýja hún varð á nærhaldsbrók.
Á flóttanum þá flaug af skór
fögnuður hans varð þá stór

PRINS

“Ef skórin passar skutlan fín
skal þá verða konan mín
Ég máta út um allan bæ
og ástmeyna til baka fæ”

SÖGUMAÐUR

En kærulaus og slappur, sljór
slengdi hann skó á kassa af bjór
Sú af ljótu systrunum
(sem var þakin bólunum)
stakk af með hann – stal, því miður,
og sturtaði í hveli niður.
Skörulega skipti hún um
skó af vinstri fætinum
Þú sérð að fléttan flækist enn,
fer nú spenna að sliga menn.
Í bítið prins um Busku spyr
og bankar upp á hvers manns dyr.
Hann var að gera alla óða,
enginn þekkti skóinn góða.
Að bera hann var mikið maus
á meðalfæti skrölt´ann laus
líkt sem væri af löpp á grylu
og lyktaði illa af táfýlu.
Þúsund stúlkur biðu á bekk
báru við fót, en ekkert gekk.
Svo mátaði ein af systurum hröð

PRINS

“Svei”

SÖGUMAÐUR

gall prins en hún varð glöð:

1. LJÓTA SYSTIR

“Fellur hann að fæti mér
fæ ég nú að giftast þér!”

SÖGUMAÐUR

Prins varð fölur líkt og lak
lúmskur reyndi að fara á bak.

1. LJÓTA SYSTIR

“Ekki flýja yndið mitt
efna skaltu heitið þitt!”

PRINS

“Af með höfuð!”

SÖGUMAÐUR

 upp hann rauk,
í einu höggi af það fauk.
Það gladdi prins - hann mælti hress:

PRINS

“Hún er fegurri án þess”

SÖGUMAÐUR

Önnur systir upphóf þóf:

2. LJÓTA SYSTIR

“Eg vil fá að þreyta próf”

PRINS

“Hafðu þetta!”

SÖGUMAÐUR

 prinsinn hjó
og hausinn út í buskann fló,
endasentist allt um kring
og endaði í kolabing
Öskubuska í önnum var
er hún heyrði dynki þar,
frá hausum sem að hoppuðu um,
hún kíkti út úr dyrunum.

ÖSKUBUSKA

“Hvað er í gangi?” kvað hún fast.

PRINS

“Komdu þér burt!”

SÖGUMAÐUR

 var svarað hvasst.
Leið þá Buska hengdi haus:

ÖSKUBUSKA

“Hann er alveg glórulaus
sker af hausa og skemmtir sér
skarfur sá ei líkar mér”

SÖGUMAÐUR

Hóf enn prins sitt heimskuskraf:

PRINS

“Hausinn af! Já hausinn af!”

SÖGUMAÐUR

Í björtu ljósi birtist þá
blíðust álfameyjan frá.
Sprota sínum brátt hún brá:

ÁLFKONA

“Buska mín hvað viltu fá?”
Þú mátt óska þess er vilt
það mun verða tekið gilt”

SÖGUMAÐUR

Ansar hún:

ÖSKUBUSKA

“Ég segi þér
ætla ég nú að gæta að mér.
Enga prinsa ekkert gull
ekki frammar neitt slíkt bull
Mig langar bara í lipran mann
en létt mun ekki að finna hann”.

SÖGUMAÐUR

En álfkonan var ekki sein
og útvegaði góðan svein
sem besta sultu bruggaði
og Busku sína huggaði
í hamingju við hlátrasköll
en hér og nú er sagan öll.
Köttur uppí Kringlumýri
kveður þetta ævintýri
Smjórið rann, roðið brann,
sagan upp á hvern mann sem hlýða kann
Brenni þeim í kalli baun
sem ekki gjalda mér sögulaun

ERPUR

Þetta var ekki svona. Öskubuska giftist prinsinum.

HELGA SOFFÍA

Hver vill giftast prinsi sem er bjáni? Ekki ég. Ég held að ég sé hætt við að giftast prinsi og fari bara í svona forseta framkomu.

ERPUR

Framboð. Það heitir framboð. En þú verður þá að hætta að plata. Forsetar mega það ekki.

HELGA SOFFÍA

Ekki bara smá?

ERPUR

Ekki neitt.

HELGA SOFFÍA

Ekki einusinni um helgar? Þegar þeir eru í fríi.

ERPUR

Ekkert.

HELGA SOFFÍA

Kannski ég verði bara hárgreiðslukona. Eða ýtustjóri. Eða sjóræningi.

ERPUR

Ég veit hvað þú getur gert.

HELGA SOFFÍA

Hvað?

ERPUR

Þú getur orðið rithöfundur. Þá geturðu platað eins og þú vilt.

HELGA SOFFÍA

Er það?

ERPUR

Já. Nema þá heitir það að skálda.

HELGA SOFFÍA

Já, ég held ég verði bara svoleiðis. En þú? Hvað ætlar þú að verða?

ERPUR

Ætli ég verði ekki bara bankastjóri. Eða mannauðsstjóri.

HELGA SOFFÍA

Eða geimskipsstjóri.

ERPUR

Það er ekkert hægt.

HELGA SOFFÍA

Er það ekki?

ERPUR

Þú ert svo vitlaus. Hvar ætti ég að fá geimskip til að stjórna.

HELGA SOFFÍA

Í geimskipasmíðastöðinni auðvitað.

ERPUR

Það er ekki til nein svoleiðis stöð. Ég ætla að fara aftur í leikinn.

HELGA SOFFÍA

En ætlarðu ekki að laga til eins og mamma þín sagði þér að gera? Úlfurinn ruslaði ógeðslega mikið til.

ERPUR

Það var enginn úlfur hérna. Þetta var bara saga. Talandi úlfar og prinsar og prinsessur eru ekki í raunveruleikanum.

HELGA SOFFÍA

Um hvað er þessi tölvuleikur.

ERPUR

Hann er um Gor prins frá Extor-stjórnuþokunni. Hann siglir um vetrarbrautirnar og berst við stökkbreytt geimskrímsli.

HELGA SOFFÍA

Hvert er hann að fara?

ERPUR

Fara? Já hann er að fara og frelsa Góu prinsessu því geimnornin Hexagonia heldur henni fanginni í svartholi. En það er ekki fyrr en í áttunda borði.

HELGA SOFFÍA

En hvað er hún að gera?

ERPUR

Það er Hexagónía norn sem sendir geimskrímslin á hann.

HELGA SOFFÍA

Nei, ég er að tala um prinsessuna. Hvað er hún að gera?

ERPUR

Það veit ég ekki. Bara bíða held ég.

HELGA SOFFÍA

Eftir því að prinsinn komi á hvíta hestinum?

ERPUR

Hann er ekki á hesti. Hann er í geimskipi.

HELGA SOFFÍA

Hvernig er það á litinn?

ERPUR

Uuu.. það er svona.. grátt. Ja, eiginlega er það hvítt.

HELGA SOFFÍA

Ég vissi það.

Pögn

Hann er svona rosalega raunverulegur tölvuleikurinn þinn.

ERPUR

Raunverulegur?

HELGA SOFFÍA

Já. Hann er jafn raunverulegur og ævintýri.

ERPUR horfir undrandi á hana en skellir svo upp úr

ERPUR

Já hann er ógeðslega raunverulegur.

HELGA SOFFÍA

Má ég prófa þennan leik? Þetta er eiginlega dálítið á mínu sviði.

ERPUR

Allt í lagi

HELGA SOFFÍA

Má ég vera nornin? Ég nenni ekki að vera prinsessan, mér heyrir hún vera algjör pissudúkka.

ERPUR

Það er ekki svoleiðis. Það er bara hægt að vera Gor prins.

HELGA SOFFÍA

Jæja. Þá er ég bara hann. Gorgeir prins. Hvað á ég að gera?

ERPUR

Þú átt að skjóta á skrímslin þegar þau koma. Þarna er eitt.

HELGA SOFFÍA

Æ, ég hitti ekki.

ERPUR

Reyndu aftur. Fljót, það er alveg að koma.

HELGA SOFFÍA

Haha. Hitti.

ERPUR

Þarna kemur annað. Skjóttu það! Þú verður að vera fljótari annars nær það þér.

HELGA SOFFÍA kemst smám saman upp á lagið með að kála skrímslum en á meðan hún er að tala er hún alltaf að stöðva leikinn og þá frjósa skrímslin

HELGA SOFFÍA

Verður prinsessan bara að bíða?

ERPUR

Já, ætli það ekki.

HELGA SOFFÍA

Mér finnst að hún ætti að reyna að strjúka úr fangelsinu.

ERPUR

En þó hún kæmist út þá getur hún ekkert farið því fangelsið er á einhverju smástirni. Þú verður að setja á pásu ef þú ert ekki að spila.

HELGA SOFFÍA stoppar leikinn og skrímslin frjósa

Hún gæti reynt að fara á puttanum.

ERPUR

Á puttanum? Það er dálítið sniðugt.

HELGA SOFFÍA

Svo gætu þau hist einhversstaðar á geimkaffihúsi eða geimbensínstöð eða eitthvað.

ERPUR

Það eru engar bensínstöðvar. Og hvernig veit hann að hún er þar?

HELGA SOFFÍA byrjar aftur í leiknum

Þau hljóta að vera búin að finna upp símann ef þau fljúga um í geimskipum.

ERPUR

Já auðvitað.

HELGA SOFFÍA

Flott þessi skrímsli. Með horn og hala.

ERPUR

Sum. Það eru öðruvísi skrímsli í hinum borðunum.

HELGA SOFFÍA stoppar leikinn og skrímslin frjósa

Af hverju erum við ekki með hala?

ERPUR

Af því að við erum menn.

HELGA SOFFÍA

Það væri flott að hafa hala.

ERPUR

Það væri ekki mjög þægilegt því þá þyrftum við að gera göt á allar buxur.

HELGA SOFFÍA *byrjar aftur í leiknum*

Einusinni höfðum við hala. Þegar við vorum apakettir eða eitthvað svoleiðis.

ERPUR

Já, en hann fór af okkur af því að það var svo erfitt að setjast inn í bílana með þá.

HELGA SOFFÍA

Hei. Þú sagðir brandara. Gott hjá þér. Ég er viss um að þú værir með svona krullaðan hala eins og grís

ERPUR

Nau, ógeðslega ertu leiðinleg

HELGA SOFFÍA *stoppar leikinn og skrímslin frjósa*

Eða svona beljuhala með dúski á endanum.

1. SKRÍMSLI

Ég er nú orðinn dálítið leiður á þessu.

2. SKRÍMSLI

Já, þetta er óþolandi leikmaður. Hún getur ekki haldið sig við efnið.

1. SKRÍMSLI

Það er ömurlegt að vera háður þessu pakki með hreyfingarfrelsi sitt.

2. SKRÍMSLI

Við ættum kannski að fara í setuverkfall.

ERPUR

Ég vildi hafa úlfsskott.

HELGA SOFFÍA

Það færi þér vel. Hvernig hala ætti ég að vera með?

ERPUR

Ég veit það ekki. Kisuskott?

HELGA SOFFÍA *byrjar aftur í leiknum*

Kannski.

ERPUR

Þetta er nú samt alveg út í hött.

HELGA SOFFÍA

Hvað?

ERPUR

Þetta sem við erum að tala um? Skrímsli, fólk með hala og prinsessur sem fara á puttanum um geiminn. Það er út í hött.

HELGA SOFFÍA *stoppar leikinn og skrímslin frjósa*

Eða kannski út í kött. Kött úti í mýri.

ERPUR

Ertu hætt í leiknum?

HELGA SOFFÍA

Já, ég nenni þessu ekki lengur.

1. SKRÍMSLI

Þá skulum við laumast burt svo lítið beri á.

2. SKRÍMSLI

Já, látum okkur hverfa.

ERPUR

Kanntu fleiri sögur?

HELGA SOFFÍA

Jájá, fullt.

ERPUR

Segðu mér eina.

HELGA SOFFÍA

Allt í lagi. Ég skal segja þér eina um grísi. En svo tökum við til.

ERPUR

Það er hundleiðinlegt að taka til.

HELGA SOFFÍA

Ekki ef maður leikur sér dálítið í leiðinni.

ERPUR

Hvernig?

HELGA SOFFÍA

Uss, sagan er að byrja.

SÖGUMAÐUR

Uppáhaldsdýr mín eru fín
öðrum fremri en það eru svín

Svín er göfugt glatt og feitt
 og greint er það svona yfirleitt
 Undantekning er þó á
 allri reglu svei mér þá
 lítum við á líf þeirra nánar
 í ljós koma svín sem eru kjánar
 Þú gætir séð þinni göngu á
 grís byggja hús og nota strá
 Svangur úlfur sást líka hlera

ÚLFUR

Svínið atarna er búið að vera
 Litli grís ó litli grís leyf mér komast inn!

1. GRÍS

Nei nei nei ég opna ei, þú ert ei vinur minn!

ÚLFUR

Þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn!

SÖGUMAÐUR

Grísinn bað heitt guðs síns til
 En glatað var allt - búið spil

ÚLFUR

Skinka, flesk og steikarflís
 Mér finnst ég vera heppnisgrís

SÖGUMAÐUR

Úlfur grís í felum fann
 og flýtti sér að éta hann
 og tyggjandi með troðinn maga
 trítlaði hann út í haga
 fann þar aumlegt hús úr hrísi
 hús með öðrum feitum grísi

ÚLFUR

Litli grís ó litli grís leyf mér komast inn!

2. GRÍS

Nei nei nei ég opna ei, þú ert ei vinur minn!

ÚLFUR

Þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn!
 Allt í lagi,

SÖGUMAÐUR

úlfur kvað þá
 Af öllum kröftum húsið blés á
 Í angist grís tók svo til orða:

2. GRÍS

Ekki ertu hungurmorða
 Úlfur, þú ert búinn að borða

SÖGUMAÐUR

Úlfur svarar:

ÚLFUR

Sama er mér

Og SÖGUMAÐUR

svíni hann tróð í magann á sér

ÚLFUR

Grísi tvo ég gleypți og hló
 get ég aldrei fengið nóg?
 Maginn fullur er af mat
 mér finnst svo gott að étá mig gat

SÖGUMAÐUR

Hann læddist eins og lítil mús
 því litið hafð'ann enn annað hús
 Þar laumaðist svo lítt á bar
 lítill grís sem hélt sig þar
 En þessi var, hinn þriðji grís,
 þrælskarpur og snjall og vís
 stóð ekki í hrísi né stráum tróð
 en steypți bara og múrsteini hlóð

3. GRÍS

Þú getur ei náð mér,

SÖGUMAÐUR

grísinn kvað

Gargaði úlfur:

ÚLFUR

Ég blæs á það

3. GRÍS

Blástu þá garmur allt þú getur
 Greyskinnið blástu í allan vetur

SÖGUMAÐUR

Úlfurinn hvæsti og blés útí eitt
 En ekki haggðist steinhúsið neitt

ÚLFUR

Strax ég hneisu minnar hefni
og hyggst við það nota sprengiefni
Í þeysispretti heim ég þýt
þar á ég kappnóg dínamít

3. GRÍS

Leiða svín það líkt er þér!

SÖGUMAÐUR

Lagði grís síma að eyra sér
Valdi númer var mjög fljótur
Því vargur stóð þar úti ljótur

RAUÐHETTA

Hver er það? Rauðhetta hér
Halló grís, hvað viltu mér?

3. GRÍS

Erindi við þig eru brýn
elskan komdu strax heim til mín

RAUÐHETTA

Grísli hvað get ég gert fyrir þig?

3. GRÍS

Grimmur úlfur situr um mig
Vinsæl ert ekki vörgunum hjá
og von þú ert að eiga við þá

RAUÐHETTA

Grísli ég skal gæta þín
grimmir úlfar eru sérgrein mín
Ég þarf bara að þvo mitt hár
Að því loknu verð ég klár

SÖGUMAÐUR

Skömmu síðar í gegnum skóg
skálmaði hún og dældirnar smó
Úlfur stóð þar (og) yggldi fés
með augun gul eins og mæjónes
með langar tennur og ljótan gump
loðið skott og sitt fúla prump
Eldsnögg dró hún auga í pung
upp með hraði kom byssan þung
Í fyrsta skoti felldi hún hann
frökenin ekkert hræðast kann
Grísinn stóð við gluggann netta

3. GRÍS

Gott skot hjá þér Rauðhetta!

SÖGUMAÐUR

Æ heimski grís hún er hefðarmey
 (Þú) hefðir ei átt að treyst'enni nei
 Nú á stúlkan - það segir svo
 sæta úlfskinnsþelsa tvo
 Og gott er að ferðast í vondu veðri
 Með vandaða TÖSKU ÚR SVÍNSLEÐRI

HELGA SOFFÍA

Jæja. Þá tökum við til.

ERPUR

Það er svo ömurlegt.

HELGA SOFFÍA

Nei nei. Sjáðu þessar bækur út um allt. Þær eru fuglar. Nú fljúgum við þeim heim í hreiðrin.

Þau fljúga bókunum heim og gera leik úr því að ganga frá öðrum hlutum, gera körfu í skúffur oþh.

RÖDD MÖMMU

Krakkar! Komiði að borða!

ERPUR

Það er matur.

HELGA SOFFÍA

Bíddu aðeins. Það á eftir að syngja lokasöng.

ERPUR

Lokasöng?

HELGA SOFFÍA

Já það verður alltaf að syngja lokasöng. Annars vita krakarnir ekki að leikritið er búið og gleyma að fara heim til sín. Úlfur! Ert þú ekki til í að byrja.

ÚLFUR

Ég get svo sem gert það.

Bendir á Rauðhettu

Ef þú sérð um að hún láti mig í friði.

ERPUR

Við skulum passa þig.

ÚLFUR *syngur*

Örlög grimm mig ógeðslega grættu
úr augum tárin flóðu niður kinn
Ég úlfur er í útrýmingarhættu
RAUÐHETTA
Elskan mín en þú ert besta skinn

ÚLFUR *talar*

Komdu ekki nálægt mér

SÖGUMAÐUR

Ekki sættast við þá illu fanta
sem iðka það að vaða yfir fólk
Hetjulund og hug þig má ei vanta
RAUÐHETTA
og hentugt er að eiga byssuhólk

ÚLFUR *talar*

Ég þoli ekki byssur! Það á ekki að leysa deilur með ofbeldi. Ekki satt krakkar?

KRAKKAR

Jú!

ÚLFUR *talar*

Er ekki ljótt að leggja úlfa í útrýmingarhættu í einelti?

KRAKKAR

Jú!

Rauðhetta hlær djöfullega

ÚLFUR *talar*

Eiga ekki öll dýrin í skóginum að vera vinir?

KRAKKAR

Jú!

RAUÐHETTA

Heyrðu úlfur. Ég er hrædd um að þú sért í vitlausu leikriti.

SÖGUMAÐUR

Hætta ber leik þá hæst hann gengur

KRAKKAR

En höldum samt áfram aðeins lengur

SÖGUMAÐUR

En áður en að lýkur ævintýri
á allt barast að fall í ljúfa löð

KRAKKAR

Án þess sagan endar úti míri

og engin krakkastýri verða glöð

SÖGUMAÐUR. RAUÐHETTA og HELGA SOFFÍA

Ekki halda að ég bara grínist
að ætlun mín sé sú að geta blekkt
ÚLFUR og ERPUR
Málið er að ekk' er allt sem sýnist
í ævintýrum er flest mögulegt

SÖGUMAÐUR

Hætta ber leik þá hæst hann gengur
KRAKKAR
En höldum samt áfram aðeins lengur

RAUÐHETTA talar

Voðalega finn pelsinn þinn. Þú ert ekkert að fara úr hárunum núna er það?

ÚLFUR talar

Ég get ekki starfað við þessar aðstæður. Ég er viðkvæmur listaúlfur sem þolir ekki svona áreitni.

RAUÐHETTA talar

Þú ert algjör aumingi.

HELGA SOFFÍA talar

Ég held að við verðum að klára lokasönginn. Áður en eitthvað hræðilegt gerist.

ERPUR talar

Það er stórhættulegt að vera innan um svona byssuóðar ævintýrapersónur. Hvenig er þetta eiginlega með hana? Þarf hún þrjá pelsa eða hvað?

HELGA SOFFÍA talar

Ég held að það sé öruggara að við drifum okkur í að syngja lokaerindið.

ALLIR

Hamingja og hlátrasköll
hér og nú er sagan öll
Köttur uppí Kringlumýri
kveður þetta ævintýri
Smjórið rann, roðið brann,
sagan upp á hvern mann sem hlýða kann
Brenni þeim í kolli baun
sem ekki gjalda mér sögulaun


TJALDIÐ

© Benóný Ægisson

Út í kött!



Söngdansar við kvæði
eftir Roald Dahl
Benóný Ægisson þýddi
og samdi tónlist



Hér eru ævintýrasöngvarnir með hljómunum en til er undirleikur við þá hjá höfundum sem notaður var við upsetningu Lýðveldisleikhússins

RAUDHETTA

4 x cm gm fm cm

SÖGUMAÐUR

cm gm

Úti í skógi úlfur sat

fm cm

átti ekki fyrir mat

cm gm

Upp hann bankaði ömmu hjá

fm cm

allmjög brá henni er hún sá

cm gm

hvassar tennur kuldaglott

fm cm

Kvað þá úlfur

ÚLFUR

“Áttu pott?”

SÖGUMAÐUR

cm Bb / G# G

Amma sagði í öngum sínum:

AMMA

cm Bb / G# G

“Á ég von á dauða mínum?”

SÖGUMAÐUR

cm Bb / G# G

Allt um það hún virtist vita

cm Bb / G# G

og vargur gleypiti í einum bita

ÚLFUR

/cm Bb G# gm/

Namm namm namm namm

/cm Bb G# gm/

Namm namm namm namm

/cm Bb G# gm/

Namm namm namm namm

cm cm

Oj!!!!!!!!!!!!!!

SÖGUMAÐUR

cm gm

En ólseig var hún - alltof smá

fm cm

úlfur svangur sagði þá:

ÚLFUR

cm Bb / G# gm

“Íss þetta var algjört frat

gm G# / Bb cm

eta vil ég á mig gat”

SÖGUMAÐUR

cm gm

Nú var úlfi í geði gramt

ÚLFUR

fm cm

“Get ég fengið í annan skammt?”

SÖGUMAÐUR

cm gm

Hann bætti við með brosgrettu:

ÚLFUR

fm cm

“Nú bíð ég eftir Rauðhettu

cm gm

Að tína blómin er hún enn

fm cm

úti í skógi en kemur senn”

SÖGUMAÐUR

cm Bb / G# G

Ömmu leppa´nn í sér brá

cm Bb / G# G

(Ekki hafði hann étið þá)

cm Bb / G# G

Hann klæddi sig í kápu og hatt

cm Bb / G# G

og kuldaskó hann á sig batt

cm Bb / G# G

Greiddur vel í grænum kjól

cm Bb / G# G

glaður sat´ann í ömmu stól

cm G# Es Bb G# gm fm cm

cm G#

Rauðklædd stúlka hratt upp hurð

Es Bb

Hissa – en svo var amman spurð:

RAUÐHETTA

G#

“Af hverju ertu með svona stór eyru amma?”

ÚLFUR

gm

“Svo ég heyri betur til þín”

RAUÐHETTA

fm

“En af hverju ertu með svona stór augu”

ÚLFUR

cm

“Svo ég sjái þig betur”

SÖGUMAÐUR

cm gm

Hann hugsaði og brosti breitt:

ÚLFUR

fm cm

“Bráðum ét ég barnið feitt

cm gm

Áðan fékk ég óæti

fm cm

í eftirmat er sælgæti

cm G# Es Bb

RAUÐHETTA

G# gm

En amma óskaplega ertu í loðnum og fallegum pels”

ÚLFUR

fm cm

Þetta er vitlaust! Þetta er vitlaust! Ertu búin að gleyma því að þú átt að spyrja mig um stóru tennurnar mínar?

cm gm

“En það kemur ekki mál við mig

fm cm

því mér er mál að éta þig”

SÖGUMAÐUR

cm gm

Stúlkan brosti og upp úr brók

fm cm

byssuhólk hún eldsnöggt tók

cm Bb / G# G

Beindi að hans brjósti og hló

cm Bb / G# G

cm Bb / G# G

Og bang bang bang, hann datt og dó

KÓR

/cm Bb G# gm/

Bang bang bang bang

/cm Bb G# gm/

Bang bang bang bang

/cm Bb G# gm/ cm cm

Bang bang bang hann datt og dó

2 x cm gm fm cm

SÖGUMADUR

cm gm

Og svo var það eitt síðdegi

fm cm

Að sá ég hana á förnum vegi

cm gm

Og hvílik breyting krakkanum á

fm cm

hvergi rauða hettu að sjá

RAUÐHETTA

cm Bb / G# G

“Halló”

SÖGUMADUR

sagðún hýr á kinn:

RAUÐHETTA

cm Bb / G# G

“Horfðu á ÚLFSKINNSPELSINN minn

/cm Bb G# gm/

Sjáðu litla

/cm Bb G# gm/

sæta loðna

/cm Bb G# gm/

úlfskinnspelesinn

cm

minn”

KÓR

Sjáðu litla sæta loðna úlfskinnspelesinn minn”

ÖSKUBUSKA

SÖGUMAÐUR

cm7 fm

Þið haldið víst að þekkið þið

cm7 fm

þessa sögu - en bíðið við,

cm7 fm

þið voruð fyllt af væmnu sulli,

G G7

vitleysu og lygabulli,

Bbm fm

blaðrið tómt var barið saman

cm fm

börn svo hefðu af því gaman.

Bbm fm

Sagan byrjar reyndar rétt:

G G7

Rákust systur þar um stétt,

cm7 fm

skrukkur, gefnar fyrir skrall

cm7 fm

sem skreyttar fóru á kóngsins ball.

cm7 fm

En elsku litla Öskubuskan

G G7

innilokuð, ræfilstuskan,

Bbm fm

í rökkri köldu og rottur tvær

cm fm

reyndu að snæða hennar tær.

Bbm fm

Stelpan gall við:

ÖSKUBUSKA

“Út vil ek”

SÖGUMAÐUR

G G7

Álfkona heyrði köllin frek.

Bbm C#

Er birtist hún varð ljósabað

Es Bbm

byrjaði:

ÁLFKONA

“Elskan hvað er að?”

ÖSKUBUSKA

G# Es

“Að?”

SÖGUMAÐUR

kvað Buska

ÖSKUBUSKA

“Þú sérð það,

fm Bb

þetta er glatað, nema hvað?”

SÖGUMAÐUR

Bbm C#

Hélt áfram:

ÖSKUBUSKA

“Hjálpa þú mér inn

Es Bbm

í höllina á dansleikinn.

G# Es

Án efa verða allir þar

fm Bb

og ef ég kemst ei verð ég snar!

Bbm C#

Komdu strax með kjól og skart

Es Bbm

kerru glæsta og rosasmart

G# Es

silfurskó ég síðan nefni

fm Bb

og sokkabuxur úr gerviefni

Bbm C#

Fellur prins þá fyrir mér

Es Bbm

flatúr eins og vera ber”

SÖGUMAÐUR

G# Es

Álfkonan mælti,

ÁLFKONA

“Augnablik”

SÖGUMAÐUR

fm Bb

(á henni var þó lítið hik)

Bbm C#

töfraspota með tign hún brá

Es Bbm
 og telpan send var ballið á
 G# Es
 fm Bb

cm7 fm
 Það særði ljótu systurnar
 cm7 fm
 að sjá hana dansa við prinsinn þar.
 cm7 fm
 Í vafasömum vangadans
 G G7
 var hún klesst að brjósti hans
 Bbm fm
 og stelpan fumlaut snéri hér
 cm fm
 strákgreyinu um fingur sér
 Bbm fm
 Tólf sló klukka hún æpti:

ÖSKUBUSKA

“Æ!

G G7
 Elskan mín ég sé þig. Bæ!”

SÖGUMAÐUR

cm7 fm
 Grét þá prins og gall við:

PRINS

“Nei”

SÖGUMAÐUR

cm7 fm
 og greip í kjól á flóttamey.
 cm7 fm
 Buska æpti:

ÖSKUBUSKA

“Slepptu strax!

G G7
 Slitinn kjóll er ei til gagns”.

SÖGUMAÐUR

Bbm fm
 En prinsinn fast í faldinn tók
 cm fm
 svo flýja hún varð á nærhaldsbrók.

Bbm fm
 Á flóttanum þá flaug af skór
 G G7
 fögnuður hans varð þá stór

PRINS

Bbm fm
 “Ef skórinn passar skutlan fin
 Bbm fm
 skal þá verða konan mín
 Bbm fm
 Ég máta út um allan bæ
 /Es C#/ cm7
 og ástmeyna til baka fæ”
 /Es C#/ cm7

SÖGUMAÐUR

Bbm fm
 En kærulaus og slappur, sljór
 Bbm fm
 slengdi hann skó á kassa af bjór
 Bbm fm
 Sú af ljótu systrunum
 /Es C#/ cm7
 (sem var þakin bólunum)
 /Es C#/ cm7
 Bbm fm
 stakk af með hann – stal, því miður,
 Bbm fm
 og sturtaði í hveli niður.
 Bbm fm
 Skörulega skipti hún um
 /Es C#/ cm7
 skó af vinstri fætinum
 /Es C#/ cm7

cm7 fm
 Þú sérð að fléttan flækist enn,
 cm7 fm
 fer nú spennan að sliga menn.
 cm7 fm
 Í bítið prins um Busku spyr
 G G7
 og bankar upp á hvers manns dyr.
 Bbm fm
 Hann var að gera alla óða,
 cm fm
 enginn þekkti skóinn góða.
 Bbm fm
 Að bera hann var mikið maus

G G7
 á meðalfæti skrölt´ann laus
 cm7 fm
 líkt sem væri af löpp á grylu
 cm7 fm
 og lyktaði illa af táfýlu.
 cm7 fm
 Þúsund stúlkur biðu á bekk
 G G7
 báru við fót, en ekkert gekk.
 Bbm fm
 Svo mátaði ein af systurum hröð

PRINS
 cm fm
 “Svei”

SÖGUMAÐUR
 gall prins en hún varð glöð:

1. LJÓTA SYSTIR
 Bbm fm
 “Fellur hann að fæti mér
 G G7
 fæ ég nú að giftast þér!”

SÖGUMAÐUR
 Bbm fm
 Prins varð föstur líkt og lak
 Bbm fm
 lúmskur reyndi að fara á bak.

1. LJÓTA SYSTIR
 Bbm fm
 “Ekki flýja yndið mitt
 /Es C#/ cm7
 efna skaltu heitið þitt!”
 /Es C#/ cm7

PRINS
 Bbm fm
 “Af með höfuð!”

SÖGUMAÐUR
 upp hann rauk,
 Bbm fm
 í einu höggi af það f auk.
 Bbm fm
 Það gladdi prins - hann mælti hress:

PRINS

/Es C#/ cm7

“Hún er fegurri án þess”

/Es C#/ cm7

SÖGUMAÐUR

Bbm fm

Önnur systir upphóf þóf:

2. LJÓTA SYSTIR

Bbm fm

“Eg vil fá að þreyta próf”

PRINS

Bbm fm

“Hafðu þetta!”

SÖGUMAÐUR

prinsinn hjó

/Es C#/ cm7

og hausinn út í buskann fló,

/Es C#/ cm7

Bbm fm

“Hafðu þetta!” prinsinn hjó

Bbm fm

og hausinn út í buskann fló,

Bbm fm

endasentist allt um kring

/Es C#/ cm7

og endaði í kolabing

/Es C#/ cm7

cm7 fm

Öskubuska í önnum var

cm7 fm

er hún heyrði dynki þar,

cm7 fm

frá hausum sem að hoppuðu um,

G G7

hún kíkta út úr dyrunum.

ÖSKUBUSKA

Bbm fm

“Hvað er í gangi?” kvað hún fast.

PRINS

cm fm

“Komdu þér burt!”

SÖGUMAÐUR

var svarað hvasst.

Bbm fm

Leið þá Buska hengdi haus:

ÖSKUBUSKA

G G7

“Hann er alveg glórulaus

cm7 fm

sker af hausa og skemmtir sér

cm7 fm

skarfur sá ei líkar mér”

SÖGUMAÐUR

cm7 fm

Hóf enn prins sitt heimskuskraf:

PRINS

G G7

“Hausinn af! Já hausinn af!”

SÖGUMAÐUR

Bbm C#

Í björtu ljósi birtist þá

Es Bbm

blíðust álfameyjan frá

G# Es

Sprota sínum brátt hún brá:

ÁLFKONA

fm Bb

“Buska mín hvað viltu fá?”

Bbm C#

Þú mátt óska þess er vilt

Es Bbm

það mun verða tekið gilt”

SÖGUMAÐUR

G# Es

Ansar hún:

ÖSKUBUSKA

“Eg segi þér

fm Bb

ætla ég nú að gæta að mér.

cm7 fm
 Enga prinsu ekkert gull
 cm7 fm
 ekki framfar neitt slíkt bull
 cm7 fm
 Mig langar bara í lipran mann
 G G7
 en létt mun ekki að finna hann”.

SÖGUMAÐUR

Bbm fm
 En álfkonan var ekki sein
 cm fm
 og útvegaði góðan svein
 Bbm fm
 sem besta sultu bruggaði
 G G7
 og Busku sína huggaði
 cm7 fm
 í hamingju við hlátrasköll
 cm7 fm
 en hér og nú er sagan öll
 cm7 fm
 Köttur uppí Kringlumýri
 G G7
 kveður þetta ævintýri
 Bbm fm
 Smjórið rann, roðið brann,
 cm fm
 sagan upp á hvern mann sem hlýða kann
 Bbm fm
 Brenni þeim í kolli baun
 G G7
 sem ekki gjalda mér sögulaun

GRÍSIRNIR ÞRÍR

SÖGUMAÐUR

3/4 cm cm cm Bb Bb
 Uppáhaldsdýr mín eru fín
 gm gm /cmcmBb/ cm
 öðrum fremri en það eru svín
 cm cm cm Bb Bb
 Svín er göfugt glatt og feitt
 gm gm /cmcmBb/ cm
 og greint er það svona yfirleitt
 4/4 cm Bb G# gm/
 3/4 cm cm cm Bb Bb
 Undantekning er þó á
 gm gm /cmcmBb/ cm
 allri reglu svei mér þá
 cm cm cm Bb Bb
 lítum við á líf þeirra nánar
 gm gm /cmcmBb/ cm
 í ljós koma svín sem eru kjánar
 4/4 cm Bb G# gm/
 3/4 cm cm cm Bb Bb
 Þú gætir séð þinni göngu á
 gm gm /cmcmBb/ cm
 grís byggja hús og nota strá
 cm cm cm Bb Bb
 Svangur úlfur sást líka hlera

ÚLFUR

gm gm /cmcmBb/ cm
 “Svínið atarna er búið að vera”
 4/4 cm Bb G# gm/
 2/4 cm cm Bb Bb G# G# gm gm fm fm Es Es Bb Bb cm cm
 cm cm Bb Bb G# G# gm gm
 “Litli grís ó litli grís leyf mér komast inn!”

1. GRÍS

cm cm Bb Bb gm gm cm cm
 “Nei nei nei ég opna ei, þú ert ei vinur minn!”

ÚLFUR

cm cm Bb Bb G# G# gm gm
 “Þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn,
 fm fm Es Es Bb Bb cm cm
 þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn!”

1. GRÍS

cm cm Bb Bb
 Nei nei nei!

ÚLFUR

gm gm cm cm
Jú og víst!

1. GRÍS

cm cm Bb Bb
Nei nei nei!

ÚLFUR

gm gm cm cm
Jú og víst!

SÖGUMAÐUR

3/4 cm cm cm Bb Bb
Grísinn bað heitt guðs síns til
gm gm /cmcmBb/ cm
En glatað var allt - búið spil

ÚLFUR

cm cm cm Bb Bb
“Skinka, flekk og steikarflís
gm gm /cmcmBb/ cm
Mér finnst ég vera heppnisgrís”
4/4 cm Bb G# gm/

SÖGUMAÐUR

3/4 cm cm cm Bb Bb
Úlfur grís í felum fann
gm gm /cmcmBb/ cm
og flýtti sér að éta hann
cm cm cm Bb Bb
og tyggjandi með troðinn maga
gm gm /cmcmBb/ cm
trítlaði hann út í haga
cm cm cm Bb Bb
fann þar aumlegt hús úr hrísi
gm gm /cmcmBb/ cm
hús með öðrum feitum grísi
4/4 cm Bb G# gm/

ÚLFUR

2/4 cm cm Bb Bb G# G# gm gm fm fm Es Es Bb Bb cm cm
cm cm Bb Bb G# G# gm gm
“Litli grís ó litli grís leyf mér komast inn!”

2. GRÍS

cm cm Bb Bb gm gm cm cm
“Nei nei nei ég opna ei, þú ert ei vinur minn!”

ÚLFUR

cm cm Bb Bb G# G# gm gm

“Þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn,

fm fm Es Es Bb Bb cm cm

þá mása ég og hvæsi og blæs burt litla kofann þinn!”

cm cm Bb Bb G# G# gm gm fm fm Es Es Bb Bb cm cm

cm Bb

“Allt í lagi”,

SÖGUMAÐUR

cm gm

úlfur kvað þá

cm Bb G# gm

Af öllum kröftum húsið blés á

1. GRÍS

cm cm Bb Bb

Nei nei nei!

ÚLFUR

gm gm cm cm

Jú og víst!

1. GRÍS

cm cm Bb Bb

Nei nei nei!

ÚLFUR

gm gm cm cm

Jú og víst!

SÖGUMAÐUR

cm gm cm gm

Í angist grís tók svo til orða:

2. GRÍS

gm G# gm G#

“Ekki ertu hungurmorða

G# gm G# gm

Úlfur, þú ert búinn að borða”

SÖGUMAÐUR

cm gm

Úlfur svarar:

ÚLFUR

cm Bb

“Sama er mér”

SÖGUMAÐUR

cm Bb G# gm

og svíni hann tróð í magann á sér

ÚLFUR

cm Bb cm Bb

“Grísi tvo ég glepti og hló

Bb cm Bb cm

get ég aldrei fengið nóg?

cm Bb cm Bb

Maginn fullur er af mat

Bb cm Bb cm

mér finnst svo gott að étá mig gat”

cm gm cm gm

cm Bb G# gm

SÖGUMAÐUR

cm gm cm gm

Hann læddist eins og lítil mús

cm Bb G# gm

því litið hafð’ann enn annað hús

cm gm cm gm

Þar laumaðist svo lítt á bar

cm Bb G# gm

lítill grís sem hélt sig þar

cm gm cm gm

En þessi var, hinn þriðji grís,

cm Bb G# gm

þrælskarpur og snjall og vís

cm gm cm gm

stóð ekki í hrísi né stráum tróð

cm Bb G# gm

en steypiti bara og múrsteini hlóð

3. GRÍS

gm G#

“Þú getur ei náð mér”,

SÖGUMAÐUR

cm gm

grísinn kvað

cm Bb

Gargaði úlfur:

ÚLFUR

Bb cm

“Ég blæs á það”

3. GRÍS

gm G# gm G#

“Blástu þá garmur allt þú getur

G# gm G# gm

Greyskinnið blástu í allan vetur”

cm cm Bb Bb

gm gm cm cm

SÖGUMAÐUR

cm gm cm gm

Úlfurinn hvæsti og blés úti eitt

cm Bb G# gm

En ekki haggast steinhúsið neitt

ÚLFUR

cm Bb cm Bb

“Strax ég hneisu minnar hefni

Bb cm Bb cm

og hyggst við það nota sprengiefni

cm Bb cm Bb

Í þeysispretti heim ég þýt

Bb cm Bb cm

þar á ég kappnóg dínamít”

3. GRÍS

gm G# gm G#

“Leiða svín það líkt er þér!”

SÖGUMAÐUR

cm Bb G# gm

Lagði grís síma að eyra sér

cm gm cm gm

Valdi númer var mjög fljótur

cm Bb G# gm

því vargur stóð þar úti ljótur

RAUÐHETTA

G# Bb G# Bb

“Hver er það? Rauðhetta hér

Bb G# Bb G#

Halló grís, hvað viltu mér?”

3. GRÍS

gm G# gm G#

“Erindi við þig eru brún

G# gm G# gm

elskan komdu strax heim til mín”

RAUÐHETTA

G# Bb G# Bb

“Grísli hvað get ég gert fyrir þig?”

3. GRÍS

G# gm G# gm

“Grimmur úlfur situr um mig

gm G# gm G#

Vinsæl ert' ekki vörgunum hjá

G# gm G# gm

og vön þú ert að eiga við þá”

RAUÐHETTA

G# Bb G# Bb

“Grísli ég skal gæta þín

Bb G# Bb G#

grimmir úlfar eru sérgrein mín

G# Bb G# Bb

Ég þarf bara að þvo mitt hár

Bb G# Bb G#

Að því loknu verð ég klár”

SÖGUMAÐUR

cm gm cm gm

Skömmu síðar í gegnum skóg

cm Bb G# gm

skálmaði hún og dældirnar smó

cm gm cm gm

Úlfur stóð þar (og) yggldi fés

cm Bb G# gm

með augun gul eins og mæjónes

cm gm cm gm

með langar tennur og ljótan gump

cm Bb G# gm

loðið skott og sitt fúla prump

cm gm cm gm

Eldsnöggt dró hún auga í pung

cm Bb G# gm

upp með hraði kom byssan þung

/cm Bb G# gm/

/cm Bb G# gm/

/cm Bb G# gm/ cm cm

3/4 cm cm cm Bb Bb

gm gm /cmcmBb/ cm

cm cm cm Bb Bb

Í fyrsta skoti felldi hún hann

gm gm /cmcmBb/ cm

frökenin ekkert hræðast kann

cm cm cm Bb Bb
Grísinn stóð við gluggann netta

3. GRÍS

gm gm /cmcmBb/ cm
“Gott skot hjá þér Rauðhetta!”
4/4 cm Bb G# gm/

SÖGUMAÐUR

3/4 cm cm cm Bb Bb
Æ heimski grís hún er hefðarmey
gm gm /cmcmBb/ cm
(Þú) hefðir ei átt að treyst'enni nei
cm cm cm Bb Bb
Nú á stúlkan - það segir svo
gm gm /cmcmBb/ cm
sæta úlfskinnspelsa tvo
4/4 cm Bb G# gm/
3/4 cm cm cm Bb Bb
Og gott er að ferðast í vondu veðri
gm gm /cmcmBb/ cm
Með vandaða TÖSKU ÚR SVÍNSLEÐRI
/cm Bb cm/
svínsleðri
/cm Bb cm/
svínsleðri
/cm cm Bb/
með vandaða
/cm cm Bb/
tösku úr
/cm Bb cm/
svínsleðri
4/4 cm Bb G# gm/cm

LOKASÖNGUR**Lag og texti: Benóný Ægisson**ÚLFUR *syngur*

cm

fm

Örlög grimm mig ógeðslega grættu

Bb

cm

úr augum tárin flóðu niður kinn

Ég úlfur er í útrýmingarhættu

RAUÐHETTA

Elskan mín en þú ert besta skinn

ÚLFUR *talar**Komdu ekki nálægt mér*

SÖGUMAÐUR

Ekki sættast við þá illu fanta

sem iðka það að vaða yfir fólk

Hetjulund og hug þig má ei vanta

RAUÐHETTA

og hentugt er að eiga byssuhólk

ÚLFUR *talar**Ég þoli ekki byssur! Það á ekki að leysa deilur með ofbeldi. Ekki satt krakkar?*

KRAKKAR

*Jú!*ÚLFUR *talar**Er ekki ljótt að leggja úlfa í útrýmingarhættu í einelti?*

KRAKKAR

*Jú!**Rauðhetta hlær djöfullega*ÚLFUR *talar**Eiga ekki öll dýrin í skóginum að vera vinir?*

KRAKKAR

Jú!

RAUÐHETTA

Heyrðu úlfur. Ég er hrædd um að þú sért í vitlausu leikriti.

SÖGUMAÐUR

Es Cís Gís fm
Hætta ber leik þá hæst hann gengur

KRAKKAR

Es Cís Cm cm
En höldum samt áfram aðeins lengur

SÖGUMAÐUR

En áður en að lýkur ævintýri
á allt barast að fall í ljúfa löð

KRAKKAR

Án þess sagan endar úti mýri
og engin krakkastýri verða glöð

SÖGUMAÐUR. RAUÐHETTA og HELGA SOFFÍA

Ekki halda að ég bara grínist
að ætlun mín sé sú að geta blekkt

ÚLFUR og ERPUR

Málið er að ekkert allt sem sýnist
í ævintýrum er flest mögulegt

SÖGUMAÐUR

Es Cís Gís fm
Hætta ber leik þá hæst hann gengur

KRAKKAR

Es Cís Cm cm
En höldum samt áfram aðeins lengur

RAUÐHETTA talar

Voðalega finn þessinn þinn. Þú ert ekkert að fara úr hárunum núna er það?

ÚLFUR talar

Ég get ekki starfað við þessar aðstæður. Ég er viðkvæmur listaúlfur sem þolir ekki svona áreiti.

RAUÐHETTA talar

Þú ert algjör aumingi.

HELGA SOFFÍA talar

Ég held að við verðum að klára lokasönginn. Áður en eitthvað hræðilegt gerist.

ERPUR talar

Það er stórhættulegt að vera innan um svona byssuóðar ævintýrapersónur. Hvenig er þetta eiginlega með hana? Þarf hún þrjá pelsa eða hvað?

HELGA SOFFÍA talar

Ég held að það sé öruggara að við drifum okkur í að syngja lokaerindið.

ALLIR

cm7 fm

Hamingja og hlátrasköll

cm7 fm

hér og nú er sagan öll

cm7 fm

Köttur uppí Kringlumýri

G G7

kveður þetta ævintýri

Bbm fm

Smjórið rann, roðið brann,

cm fm

sagan upp á hvern mann sem hlýða kann

Bbm fm

Brenni þeim í kolli baun

G G7

sem ekki gjalda mér sögulaun

TJALDIÐ

© Benóný Ægisson